

24. fundur Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn föstudaginn 15. nóvember 2019 á Hótel Hallormsstað.

Fundurinn hófst kl. 16:00.

Á fundinn eru mættir Björn Ingimarsson, Hannes Karl Hilmarsson, Gunnar Jónsson, Anna Alexandersdóttir, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Gauti Jóhannesson, Ásdís Benediksdóttir, Þorbjörg Sandholt, Elvar Kristjánsson, Hildur Þórisdóttir og Aðalheiður Borgþórsdóttir.

Róbert Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

Björn bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögð fram fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir og telst fundargerðin samþykkt.

2. Frágangur verkefnisins Sveitarfélagið Austurland

Róbert fór yfir minnisblaðið *Sveitarfélagið Austurland. Verklok samstarfsnefndar* dags. 15. nóvember 2019. Björn fór yfir kostnaðaryfirlit þar sem fram kom verkefnið var unnið innan fjárhagsrammans. Allur kostnaður við verkefnið er greiddur með framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Samstarfsnefndin fór yfir kostnaðaryfirlitið og minnisblaðið og ræddi þann lærdóm sem hægt er að draga af verkefninu, hvað gekk vel og hvað hefði mátt ganga betur. Sá lærdómur nýtist við framhald verkefnisins og undirbúning sameiningarinnar.

Minnisblaðið verður sent til sveitarstjórnanna fjögurra og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Róberti var falið að afhenda skjalastjóra gögn verkefnisins til varðveislu.

3. Undirbúningsstjórn

Róbert rifjaði hlutverk undirbúningsstjórna skv. sveitarstjórnarlögum og ræddi um verkefni sem æskilegt er að undirbúningsstjórnin vinni.

Að mati nefndarinnar er mjög mikilvægt að halda áfram góðri upplýsingagjöf. Í því felst m.a. að veita upplýsingar um ferlið sem er framundan, þannig að starfsfólk og íbúar átti sig á því sem framundan er. Ákveðið var að boða stjórnendur og starfsfólk ráðhúsa til fundar miðvikudaginn 20. nóvember. Á þeim fundi verði verkefnið framundan kynnt og óskað eftir upplýsingum frá starfsmönnum.

Ákveðið var að boða til fyrsta fundar undirbúningsstjórnar fimmtudaginn 21. nóvember kl. 10. Sá fundur verður fjárfundur.

Sveitarstjórnir hafa skipað fulltrúa í undirbúningsstjórn og falið stjórninni að gera tillögu að verklagi við val á nafni og merki fyrir nýtt sveitarfélag og hefja vinnu við undirbúning bókhalds-og upplýsingakerfa.

Eftirfarandi hafa verið valdir til setu í undirbúningsstjórn.

Borgarfjarðarhreppur

- Helgi Hlynur Ásgrímsson
- Jakob Sigurðsson
- Jón Þórðarson

Til vara:

- Elísabet
- Eyþór
- Jón Sigmar

Djúpavogshreppur

- Bergþóra Birgisdóttir
- Gauti Jóhannesson
- Þorbjörg Sandholt

Til vara:

- Ásdís Hafrún Benediktsdóttir
- Kári Snær Valtingojer
- Kristján Ingimarsson

Fljótsdalshérað

- Anna Alexandersdóttir
- Björn Ingimarsson
- Kristjana Sigurðardóttir

Til vara:

- Gunnar Jónsson
- Hannes Karl Hilmarsson
- Stefán Bogi Sveinsson

Seyðisfjarðarkaupstaður

- Aðalheiður Borgþórsdóttir
- Hildur Þórisdóttir
- Vilhjálmur Jónsson

Til vara:

- Elvar Snær Kristjánsson
- Rúnar Gunnarsson
- Þórunn Hrund Óladóttir

Starfi samstarfsnefndar er nú lokið og þakkaði formaður fyrir farsælt og gott samstarf í verkefninu. Að fundi loknum var boðið til kvöldverðar.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 18:30.